

Sp.

585. Svar

[124. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Unnar Stefánsdóttur um menntun starfsfólks í ferðamannþjónustu.

*Spurt er: Hefur ráðherra áform um að efla menntun starfsfólks í
a. hótélrekstri og veitingagreinum, b. ferðaþjónustu, c. matvælaíðnaði?
Ef svo er, hver eru þau?*

Gerður hefur verið samningur milli menntamálaráðuneytisins og bæjarstjórnar Kópavogs um að koma upp húsnæði í tengslum við Menntaskólann í Kópavogi þar sem komið verði fyrir góðri kennsluáðstöðu fyrir ferðaþjónustugreinar, matreiðslu, framreiðslu, brauð-

og kökugerð, smurbrauðsgerð, kjötvinnslu og matvælaíðnað sem fellur ekki undir lögvernd-
aðar iðngreinar, einnig húsprif, línþvott og frágang hans.

Lokið er við byggingarnefndarteikningar að þessu húsnæði og hafa þær verið
samþykktar í menntamálaráðuneytinu og í bæjarstjórn Kópavogs. Engin fjárveiting er til
verksins á fjárlögum fyrir árið 1988, en næsta skref í málinu er að gera samning milli
ráðuneytisins og bæjarstjórnar Kópavogs um skiptingu kostnaðar. Þegar samkomulag hefur
tekist um það efni og fjárveiting fengist til framkvæmda verður hafist handa um verkið. Hér
er um að ræða 5232 fermetra húsnæði og auk þess stjórnunarrými að grunnfleti 625
fermetrar sem á að nýtast öllum Menntaskólanum, en skólahaldið verður skipulagt sem ein
heild.

Það var í nóvember 1983 sem þáverandi menntamálaráðherra skipaði nefnd til að vinna
að undirbúningi framkvæmda við hönnun og byggingu húsnæðis til kennslu í hótél- og
matvælagreinum í Kópavogi. Nefndin skilaði álit í febrúar 1984. Hún lagði til að hafist yrði
handa um byggingu verknámshúss yfir hótél- og matvælagreinar á lóð Menntaskólans í
Kópavogi. Hinn 3. júlí 1984 samþykkti menntamálaráðherra ráðningu arkitekts til verksins
og í framhaldi af því voru ráðnir verkfræðingar til að hanna lagnir o.fl. í fyrirhugað húsnæði.
Í nóvember 1984 fór byggingarnefnd og arkitekt til Sviss og Vestur-Þýskalands og kynntu sér
skipulag, búnað og húsnæði hótél- og matvælascola í þessum löndum. Fyrstu hugmyndir
byggingarnefndar um skólahúsið komu síðan fram í lok nóvember 1984 og sumarið 1985 var
lögð fram greinargerð um kostnaðaráætlun. Þegar núverandi menntamálaráðherra kom til
starfa óskaði hann eftir því við byggingarnefnd að kannað yrði hvort forsendur hefðu breyst
hvað varðar nemendafjölda og kennsluskipan frá því fyrirbyggjandi teikningar voru unnar.
Hinn 19. nóv. sl. skilaði byggingarnefnd ráðherra greinargerð og kemur þar fram að búast
má við mikilli nemendaaukningu (úr 250 í 400). Í tillögum nefndarinnar er megináhersla
lögð á að breyta ekki ytri ramma hússins heldur laga teikningar af kennslurými að breyttum
aðstæðum.

Með byggingu húsnæðis fyrir hótél- og matvælakennslu skapast aðstaða til að efla
menntun í ferðaþjónustu og matvælagreinum. Eftirspurn eftir námi á þessum námsbrautum
hefur vaxið hröðum skrefum síðustu árin og líkur eru til að svo verði áfram. Það er því brýnt
að koma upp húsnæði sem fyrst.

1. Ferðaþjónustugreinar.

Að undanförmu hefur starfað nefnd til að gera tillögur um nám á sviði ferðaþjónustu á
framhaldsskólastigi. Nefndin gerir tillögur um nám í þremur þáttum ferðamannaþjónustu.
Er hér um að ræða nám sem tengt verður nýmálabraut. Verða sérgreinar námsins að mestu
kenndar á 3. og 4. námsári og ætti að vera unnt að hefja kennslu í þeim við Menntaskólann í
Kópavogi haustið 1988 og verið er að skipuleggja námsefni í námsáföngum sérgreina. Þótti
rétt að hefja nám þetta í skóla sem sérhæfður verður í hótél- og ferðaþjónustugreinum.
Miðast tillögurnar við að búa nemendur undir störf á ferðaskrifstofum, við gestamóttöku og
við leiðsögn ferðamanna.

2. Matreiðsla og framreiðsla.

Nám í þessum greinum fer nú fram við Hótél- og veitingaskóla Íslands.

Námsskrár í matreiðslu- og framreiðslugreinum eru nú í endurskoðun og fer endurskoð-
unin fram á vegum iðnfræðsluráðs. M.a. verður kennslustundum í verklegum faggreinum
fjölgað frá því sem nú er og kemur sú breyting til framkvæmda strax og aðstæður leyfa.

3. Brauð- og kökugerð.

Nám í brauðgerð fer nú eingöngu fram samkvæmt námssamningi milli meistara og nema, en nám í kökugerð hefur ekki farið fram hér á landi enn þá sakir aðstöðuleysis. Með nýja húsnæðinu skapast aðstaða til þess að kenna þessar greinar með viðunandi hætti. Námskrágerð í þessum greinum er ekki hafin enn þá.

4. Smurbrauðsgerð.

Mikill skortur hefur verið á menntuðu fólki til að framleiða smurt brauð fyrir hótél- og veitingastaði, en stefnt er að því að hefja kennslu í greininni í fyrirhuguðum skóla í Kópavogi.

5. Kjötiðnaður.

Aðstaða til menntunar kjötiðnaðarfólks er mjög ófullkomin en þróun í kjötiðnaði gerir vaxandi kröfur um aukna menntun þeirra sem vinna í greininni. Að tilhlutan búfræðslu- nefndar og að höfðu samráði við deildarstjóra verk- og tæknimenntunardeildar ráðuneytisins skipaði landbúnaðarráðuneytið nefnd til að gera tillögur að framtíðarskipulagi á menntun starfsfólks í kjötiðnaði, þar með talin slátrun dýra, en engin skipulögð menntun hefur verið til í landinu fyrir fólk sem að henni vinnur. Nefndin er skipuð fulltrúum frá menntamálaráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda og Félagi kjötiðnaðarmanna. Formaður nefndarinnar er Stefán Ólafur Jónsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu.

6. Matvælaíðnaður sem fellur ekki undir lögverndaðar iðngreinar.

Í verknámshúsnæðinu í Kópavogi, sem byggt verður fyrir kennslu í hótél- og matvælagreinum, er ætlað rými fyrir grunnnámsdeild í matvælagreinum. Um er að ræða eins árs nám þar sem veitt er undirstöðufræðsla um meðferð og vinnslu matvæla, ætlað sérstaklega þeim sem starfa í verslunum og stofnunum sem framleiða matvæli.

Þá er gert ráð fyrir að í hinu nýja húsnæði fari fram kennsla í 2. stigs fiskvinnslu, svo sem niðurlagningu, reykingu og vinnslu fiskrétta ýmiss konar sem fara beint á borð neytenda. Þá er gert ráð fyrir að hefja fræðslu fyrir iðnmeistara í hótél- og matvælagreinum.

7. Húsþrif og línþvottur.

Eftir að hússtjórnarskólarnir hættu að mestu starfsemi sinni hefur verið tilfinnanlegur skortur á starfsfólki fyrir hótél og veitingastaði sem hefur þekkingu á húsþrifum og þvotti og meðferð líns. Í nýja húsnæðinu í Kópavogi á að verða góð aðstaða til að koma á kennslu í þessum greinum sem einnig mun nýtast öðrum, t.d. sjúkrahúsum, skólum og dagvistarstofnunum.

8. Endurmenntun.

Þá er gert ráð fyrir að í skólanum í Kópavogi verði veitt endur- og framhaldsmenntun fyrir starfsfólk í hótél- og matvælagreinum.